



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Yfirlit yfir erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs

Eftirfarandi er yfirlit yfir erindisbréf vegna nýrra starfshópa skóla- og frístundasviðs frá ágúst 2018 til febrúar 2019, en skv. reglum Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa frá 2. febrúar 2018 ber fagsviðum að halda skrá yfir starfshópa og erindisbréf og kynna í viðkomandi fagráði.

Heiti starfshóps	Hlutverk starfshóps
<i>Samráðshópur um innleiðingu kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna FG í grunnskólum borgarinnar</i>	Að vera samráðsvettvangur um farsæla innleiðingu kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna FG í grunnskólum borgarinnar.
<i>Starfshópur um samræmda talmeinaþjónustu við grunn- og leikskóla Reykjavíkur</i>	Leggja fram tillögur að talmeinaþjónustu hjá Reykjavíkurborg til samræmis við skýrsluna Talþjálfun barna í leik- og grunnskólum – Ábyrgð Reykjavíkurborgar.
<i>Starfshópur um samræmd viðmið um skólasókn</i>	Að leggja fram tillögu um samræmd viðmið um skólasókn og leyfi frá skólasókn í grunnskólum Reykjavíkur á grundvelli tillagna starfshópsins og með hvaða hætti slík viðmið verða innleidd í skólastarfi.
<i>Verkefnahóp vegna KFS greiningar - Innkaup á námsefni og leikföng</i>	Að greina innkaup á námsefni og leikföngum í tveimur leikskólum í Reykjavíkurborg út frá jafnréttis- og kynjasjónarmiðum.
<i>Verkefnahóp vegna KFS greiningar - Skólahljómsveitir og Tónlistarskólinn á Klébergi</i>	Að greina þjónustu skólahljómsveita í Reykjavík og Tónlistaskólann í Klébergi út frá jafnréttis- og kynjasjónarmiðum.
<i>Starfshópur um markvissara samstarf frístundaheimila og félagsmiðstöðva við grunnskóla í Reykjavík</i>	Að auka samstarf frístundaheimila, félagsmiðstöðva og grunnskóla með heildarhagsmunum barna og unglunga að leiðarljósi.

Starfshópur um snjalltækjanotkun og skjátíma

Að meta hvort setja eigi viðmið um snjalltækjanotkun og skjátíma nemenda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.



ERINDISBRÉF¹

Samráðshópur um innleiðingu kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna FG í grunnskólum borgarinnar

Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS

Inngangur: Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi í júní sl. að stofnaður yrði samráðsvettvangur fulltrúa stjórnar Kennarafélags Reykjavíkur, stjórnar Félags skólastjórnenda í Reykjavík og skóla- og frístundasviðs um farsæla innleiðingu nýs kjarasamnings kennara, m.a. með hliðsjón af nýrri menntastefnu borgarinnar og vinnu við bætt starfsumhverfi grunnskólakennara.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að vera samráðsvettvangur um farsæla innleiðingu kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna FG í grunnskólum borgarinnar.

Helstu verkefni:

- Fylgja eftir tillögum starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara til að minnka álag í skipulagi skólastarfsins og auka sveigjanleika.
- Samræma hvaða viðbótarverkefni kennurum er falið sem rúmast ekki innan vinnuramma eða verksviðs kennara og ber því að greiðast aukalega.
- Greina og draga lærdóm af innleiðingu nýs námsmats til að tryggja að nýtt námsmat verði raunverulega námi og kennslu til framdráttar.
- Finna leiðir til að auka lýðræðisþátttöku kennara í ákvörðunum skóla um skólastarf, skólaþróun og endurmenntun í anda lýðræðisstefnu borgarinnar.
- Safna saman upplýsingum um leiðir sem grunnskólar borgarinnar fara til að bæta allt starfsumhverfi kennara og sem stuðla að aukinni vellíðan kennara í starfi.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Soffía Vagnsdóttir (formaður), grunnskólahluta fagskrifstofu SFS

Guðrún E. Bentsdóttir, grunnskólahluta fagskrifstofu SFS

Jóhanna H. Marteinsdóttir, mannauðsþjónusta SFS

S. Ingibjörg Jósefsdóttir, skólastjóri Hagaskóla

Linda Heiðarsdóttir, deildarstjóri Laugalækjarskóla

Jón Ingi Gíslason, kennari í Vættaskóla og formaður KFR

Þorgerður L. Diðriksdóttir, formaður FG

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:
http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf


Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Guðrún E. Bentsdóttir, fagskrifstofu SFS

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni skýrslu um starf sitt fyrir lok júní 2019.

Reykjavík, sept. 2018



Helgi Grímsson, sviðsstjóri

Hjálagt:

**ERINDISBRÉF¹ -****Starfshópur um samræmda talmeinaþjónustu við grunn- og leikskóla
Reykjavíkur**

Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS.

Inngangur: Skýrslan Talþjálfun barna í leik- og grunnskólum – Ábyrgð Reykjavíkurborgar, kom út 13. maí 2016. Þar er lagt til að talmeinaþjónusta verði aukin og samræmd í borginni. Óskað er eftir að starfshópurinn leggi fram tillögur í samræmi við það álit.

Hlutverk:

Leggi fram tillögur að talmeinaþjónustu hjá Reykjavíkurborg til samræmis við skýrsluna Talþjálfun barna í leik- og grunnskólum – Ábyrgð Reykjavíkurborgar

Helstu verkefni:

- Að leggja fram tillögur um samræmd viðmið um talmeinaþjónustu í leik- og grunnskólum Reykjavíkur.
- Að leggja til með hvaða hætti fyrirkomulag þjónustunnar samræmist best þörfum barna, foreldra þeirra og leik- og grunnskólum.
- Hugað verði að þörfum skóla m.t.t. stærðar, staðsetningar, samsetningar barna og nemendahópa og annarra breyta.
- Að kynna sér hvernig fjarþjónusta gæti gagnast skólunum varðandi talmeinaþjónustu.
- Skoða hvernig talmeinaþjónusta og þjónusta vegna tvítyngdra barna og barna af erlendum uppruna verði aðgreind.

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Árný Inga Pálsdóttir, skólastjóri Kelduskóla.
Inga Sigurðardóttir, skólastjóri Grandaskóla.
Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Austurbæjarskóla.
Katrín G. Guðmundsdóttir, skólastjóri Hlíðaskóla.
Valborg Hlín Guðlaugsdóttir, leikskólastjóri í Langholti
Hallbjörg Thorarensen, sérkennslustjóri leikskólanum Miðborg
Þóra Sæunn Úlfisdóttir, talmeinafræðingur, Miðja máls og læsis

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Helgi Viborg, verkefnastjóri á skrifstofu skóla- og frístundasviðs

Til ráðgjafar og samstarfs:


¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:
http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Hópurinn kallar á sinn fund þá aðila sem hann telur geta gefið upplýsingar, ráð og tillögur.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni tillögum sem rúmast innan núverandi fjárheimilda fyrir lok mars 2019.

Reykjavík, 18. desember 2018



Helgi Grímsson, sviðstjóri skóla- og frístundasviðs.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

ERINDISBRÉF¹

Starfshópur um samræmd viðmið um skólasókn

Ábyrgðarmaður: Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu

Inngangur: Teymi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs um skólaforðun tók til starfa samkvæmt erindisbréfi í febrúar 2016. Í skýrslu teymisins frá desember 2017 eru lagðar fram 17 tillögur að aðgerðum t.d. hvernig megi koma í veg fyrir skólaforðun, hvernig bregðast megi við henni og hvernig megi auka virkt eftirlit með skólasókn.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögu um samræmd viðmið um skólasókn og leyfi frá skólasókn í grunnskólum Reykjavíkur á grundvelli tillagna starfshópsins og með hvaða hætti slík viðmið verða innleidd í skólastarfi.

Helstu verkefni:

- Samræmd viðmið um skólasókn í grunnskólum í Reykjavík
- Með hvaða hætti halda eigi utan um skólasókn nemenda þannig að snemma sé hægt að greina þegar skólasókn þeirra fer yfir sett viðmið.
- Hvernig greina eigi á milli ástæðu fjarvista s.s. leyfi, veikindi eða óleyfilegar fjarvistir.
- Hvernig viðmið um skólasókn og leyfisveitingar verða innleidd í skólastarfi.
- Hvernig upplýsa eigi foreldrar um viðmið skólasóknar og leyfisveitingar og hver viðbrögð skóla verða fari skólasókn yfir ákveðin viðmið.

Starfshópurinn skipa:

Grímur Atlason, verkefnastjóri, skóla- og frístundasviði
Hrafnhildur Inga Halldórsdóttir, Rimaskóla
Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, Hólabrekkuskóla
Helgi Viborg, verkefnastjóri VEL/SFS
Katrín Þórdís Jacobsen, deildarstjóri skrifstofu ráðgjafarþjónustu
Una Björk Bjarnadóttir, kennsluráðgjafi Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.

Formaður starfshópsins:

Grímur Atlason

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:
http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf


Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu

Starfstími:

Hópurinn starfar til 1. febrúar 2019.

Reykjavík, 13. nóvember 2018



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:


Skýrsla starfshóps um skólaforðun dagsett desember 2017

Skólasóknarreglur grunnskóla í Breiðholti.

ERINDISBRÉF

Heiti hóps: Verkefnahópur vegna KFS greiningar – Innkaup á námsefni og leikföngum í tveimur leikskólum
Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson
Hlutverk: Að greina innkaup á námsefni og leikföngum í tveimur leikskólum í Reykjavíkurborg út frá jafnréttis- og kynjasjónarmiðum.
Helstu verkefni: <ul style="list-style-type: none">• Að rýna í innkaup tveggja leikskóla á námsefni og leikföngum sl. tvö ár• Að skoða jafnréttisáætlun leikskólanna og sjá hvort hún er höfð til hliðsjónar við innkaup á námsefni• Að skoða kynjahlutfall og staðalmyndir í þeim bókum sem keyptar hafa verið inn á sl. tveimur árum• Að skoða hvort leikföng og annað námsefni ýti undir kynjaðar staðalmyndir, hvort um kynjahlutlaust námsefni er að ræða, eða hvort reynt er að auka jafnréttisvitund barna með því að fagna margbreytileikanum.• Leggja fram tillögur að frekari greiningu eða úrbótum þar sem við á
Fulltrúar í hópi (Skipan): Ásdís Olga Sigurðardóttir, Guðmundur Rúnar Vífilsson, Auður Ævarsdóttir
Formaður vinnuhóps: Ásdís Olga Sigurðardóttir
Starfsmaður/verkefnastjóri: Auður Ævarsdóttir
Ráðgjöf/samstarf: Starfshópur KFS á skóla- og frístundasviði Freyja Barkardóttir verkefnastýra KFS hjá Reykjavíkurborg Aðrir sérfróðir aðilar sem hópurinn kys að leita til
Starfstímabil og skil: 01.08 '18 – 01.12'18 Auk lokaskýrslu skal skila bréfi til ábyrgðarmanns þar sem tilgreint er hverjar helstu tillögur eru, kostnaðarmat ef það á við og skilgreining á ábyrgð framkvæmd tillagna.

Undirritun ábyrgðarmanns:




Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

ERINDISBRÉF


Heiti hóps: Verkefnahópur vegna KFS greiningar – Skólahljómsveitir og Tónlistarskólinn á Klébergi
Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson
Hlutverk: Að greina þjónustu Skólahljómsveita í Reykjavík og Tónlistarskólans á Klébergi út frá jafnréttis- og kynjasjónarmiðum.
Helstu verkefni: <ul style="list-style-type: none">• Að taka saman upplýsingar um kynjahlutfall nemenda og starfsfólks• Að rýna í og jafnréttismeta inntökuskilyrði, efni, framsetningu, æfingatíma og viðurkenningar eða annað sem hópurinn telur þörf á að meta• Leggja fram tillögu að frekari greiningu eða úrbótum eftir því sem við á
Fulltrúar í hópi (Skiptan): Sigfríður Björnsdóttir, Haukur Haraldsson, Hallgerður Inga Gestsdóttir
Formaður vinnuhóps: Sigfríður Björnsdóttir
Starfsmaður/verkefnastjóri: Haukur Haraldsson
Ráðgjöf/samstarf: Starfshópur KFS á skóla- og frístundasviði Freyja Barkardóttir verkefnastýra KFS hjá Reykjavíkurborg Aðrir sérfróðir aðilar sem hópurinn kys að leita til
Starfstímabil og skil: 01.08 '18 – 01.12 '18 Auk lokaskýrslu skal skila bréfi til ábyrgðarmanns þar sem tilgreint er hverjar helstu tillögur eru, kostnaðarmat ef það á við og skilgreining á ábyrgð framkvæmd tillagna.

Undirritun ábyrgðarmanns:



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

SFS 2018 11 0153



Erindisbréf

Heiti starfshóps: Starfshópur um markvissara samstarf frístundaheimila og félagsmiðstöðva við grunnskóla í Reykjavík
Ábyrgðarmaður: Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir
Hlutverk: Að auka samstarf frístundaheimila, félagsmiðstöðva og grunnskóla með heildarhagsmuni barna og unglunga að leiðarljósi, sjá tillögu í skýrslu starfshóps: https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/baett_starfsumhverfi_fafolks_a_vettvangi_frístundastarfs-tillogur_um_adgerdir.pdf
Helstu verkefni: Koma með tillögur að því sem betur má fara í samstarfi frístundaheimila, félagsmiðstöðva og grunnskóla er varða samstarf, samnýtingu húsnæðis og viðhorfs gagnvart starfsemi hvors annars. Halda málþing með fulltrúum frístundamiðstöðva og grunnskóla til að efla gagnkvæman skilning á möguleikum og tækifærum í öflugara samstarfi.
Fulltrúar í starfshópi: Sigrún Sveinbjörnsdóttir fulltrúi fagskrifstofu Guðrún Edda Bentsdóttir fulltrúi fagskrifstofu Bára Jóhannsdóttir fulltrúi grunnskóla Arndís Steinþórsdóttir fulltrúi grunnskóla Þóra Melsted fulltrúi frístundamiðstöðva Sigurbjörg Kristjánsdóttir fulltrúi frístundamiðstöðva
Formaður starfshópsins: Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Guðrún Edda Bentsdóttir
Starfsmenn: Sigrún og Guðrún Edda
Ráðgjöf/samstarf: Þeir sem málið varðar.
Starfstímabil: 16. nóvember – 31. janúar 2019
Skil: Tillögur að umbótum sem skilist til skóla- og frístundaráðs

Erindisbréf

<p>Heiti starfshóps: Starfshópur um snjalltækjanotkun og skjátíma</p>
<p>Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson, sviðstjóri skóla- og frístundasviðs</p>
<p>Markmið: Meta hvort setja eigi viðmið um snjalltækjanotkun og skjátíma nemenda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar</p>
<p>Helstu verkefni: Viðfangsefni hópsins tengjast eftirfarandi þáttum:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Greina hlutverk skóla- og frístundastarfs er kemur að notkun tækni út frá stefnu SFS, lögum og öðrum opinberum viðmiðum • Kynna sér innlendar og erlendar rannsóknir og dæmi um snjalltækjanotkun í skóla- og frístundastarfi • Greina stöðu og notkun snjalltækja í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar • Efna viðtæks samráðs og setja, ef við á, viðmið um snjalltækjanotkun og skjátíma barna- og ungmenna í skóla- og frístundastarfi • Hópurinn skoði með hvaða hætti má stofna til samráðs við foreldra um skjátíma utan skóla- og frístundastarfs
<p>Fulltrúar í starfshópi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Alda Magnúsdóttir, sálfræðingur Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða • Ásdís Olga Sigurðardóttir, leikskólaráðgjafi á skrifstofu skóla- og frístundasviðs • Jón Páll Haraldsson, skólastjóri Laugalækjarskóla • Sif Ómarsdóttir, forstöðumaður félagsmiðstöðinni Hólmaseli • Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnastjóri á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs • Sólveig Þórarinsdóttir, leikskólastjóri leikskólanum Ösp • Sveinn Bjarki Tómasson kennsluráðgjafi í upplýsingatækni hjá Nýsköpunarmiðstöð menntamála • Grímur Atlason, verkefnastjóri um samskipti heimilis og skóla á SFS.
<p>Formaður starfshóps: Sveinn Bjarki Tómasson kennsluráðgjafi í upplýsingatækni hjá Nýsköpunarmiðju menntamála.</p>
<p>Starfsmaður hóps: Sigrún Sveinbjörnsdóttir</p>
<p>Ráðgjöf / samstarf: Eftir því sem hópurinn telur henta verður leitað til aðila sem tengjast viðfangsefninu, s.s. sérfræðinga frá heilsugæslunni, Embætti landlæknis, öðrum sveitarfélögum, ungmennaráða, SAFT og MVS HÍ.</p>
<p>Starfstími: 14. janúar 2019 - 20. maí 2019</p>
<p>Skil:</p>



Borgarstjórnin í Reykjavík

SKJALAVER
HÖFÐATÖRGI

17. APR. 2018

Málsnr.: SFS 2018040071
Bréfalykill: 70

Reykjavík, 13. apríl 2018
R18030009
4400
HBL/bp

Skóla- og frístundasvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Tillaga um samráð um viðmið um takmörkun á snjalltækjanotkun

Á fundi borgarstjórnar þann 10. apríl 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa:

Borgarstjórn felur skóla- og frístundasviði að setja reglur í samráði við skólastjórnendur, kennara, frístundaráðgjafa, skólasálfræðinga og hagsmunaaðila nemenda og foreldra, sem miða að því að banna með öllu snjallsímanotkun nemenda á skólatíma og í frístundastarfi í grunnskólum borgarinnar.

Borgarstjórn samþykkti svohljóðandi breytingartillögu:

Borgarstjórn felur skóla- og frístundasviði að efna til viðtæks samráðs við skólastjórnendur, kennara, nemendur, foreldra, sérfræðinga skólalþjónustu, frístundaráðgjafa og fulltrúa heilsugæslu og landlæknisembættis, um hvort tilefni sé til að setja viðmið um takmörkun á snjalltækjanotkun og skjátíma nemenda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Tekið verði mið af erlendum fyrirmyndum og rannsóknum í þessari vinnu.

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, óháður borgarfulltrúi, lagði fram svohljóðandi bókun:

Ég samþykki þessa málamiðlunartillögu til þess að tryggja að hreyfing komist á þetta mikilvæga mál og þeir mikilvægu hagsmunir grunnskólanemenda um vonandi snjallsímalausa grunnskóla verði að veruleika strax við upphaf næsta skólaárs.

Helga Björk Laxdal
e.u.